



Nefndadeild Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Pórshamri
v/Temlarasund
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 120/1378
komudagur 12/4 1996

Kennarahúsinu
Laufásvegi 81 · IS-101 Reykjavík
Sími/Tel: 562 4080 · Fax: 562 3470
Netfang: ki@ismennt.is

Reykjavík 11. apríl 1996

Efni: Umsögn Kennarasambands Íslands um frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Kennarasamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og vill koma eftirfarandi á framfæri í því sambandi:

I. Almennt um frumvarpið.

Verði frumvarpið að lögum mun það hafa veruleg áhrif á kjör ríkisstarfsmanna. Um yrði að ræða einhliða breytingar á lögbundnum kjörum sem kjarasamningar hafa byggt á til margra ára. Það er ólíðandi að löggjafinn grípi inn í kjör starfsmanna ríkisins og skerði þau einhliða eins og hér er verið að gera tilraun til. Kennarasamband Íslands lýsir sig tilbúið til þess að setjast niður með fulltrúum annarra stéttarfélaganna og ríkisins og ræða þær breytingar sem æskilegt væri að mati aðila málsins að gera á núverandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Slíkt verður þó að gera í tengslum við gerð kjarasamninga með heildarkjör í huga. Mikilvægt er að breytingar á kjörum launafólks séu gerðar í sátt á milli aðila en ekki unnið að þeim einhliða innan veggja fjármálaráðuneytisins án alls samráðs við stéttarfélagin eins og gert hefur verið í þessu máli.

II. Athugasemdir við einstaka þætti frumvarpsins.

Skipun í stöðu:

Mikill meirihluti kennara er skipaður og hefur það ráðningarform verið talið kennurum til tekna við gerð kjarasamninga á undanförunum árum. Þó ekki sé gert ráð fyrir því að taka skipunina af þeim sem nú hafa hana er óásættanlegt að stéttin sé svipt þessu ráðningarformi bóttalaust þar sem í því fælist kjaraskerðing hjá stéttinni í heild þegar tii lengri tíma væri litið.

Uppsögn - Stjórnarsýslulög:

Í frumvarplnu er gert ráð fyrir auknum völdum forstöðumanna stofnana m.a. til þess að segja upp starfsfólki t.d. með vísan til „árangurs“ í starfi. Hér er hætt við því að „geðþóttaupsagnir“ verði algengari en nú er og er óhjákvæmilegt að skoða þessi ákvæði í tengslum við það dæmalausa ákvæði frumvarpsins að starfsmenn geti ekki skotið máli sínu til æðra stjórnvalds telji þeir á sér brotið. Hér er augljóslega um að ræða brot á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnart verði þetta lögfest.

Biðlaun:

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að biðlaunaréttur starfsmanna sem nú eru í starfi verði skertur og afdnuminn með öllu hjá þeim sem koma til starfa eftir gildistöku laganna. Hér er um að ræða skerðingu á kjörum sem alls ekki er hægt að samþykkja og mun slík breyting, ef gerð verður, hafa í för með sér skriðu málaferla þar sem um er að ræða stjórnarskrárvarinn rétt einstaklinga að mati Kennarasambandsins.

Réttur til fyrirframgreiðslu launa afdnuminn:

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að laun verði greidd eftir á en ekki fyrirfram eins og nú tíðkast. Hér er um að ræða skerðingu á réttindum stéttarinnar þó ekki sé gert ráð fyrir því að breyta réttindum þeirra sem nú eru í starfi. Þessi réttindi hafa verið talin stéttinni til tekna en verðmæti þessara réttinda eru að vísu minni í dag en þau voru á tímum verðbólgunnar fyrir nokkrum árum. Hér gildir því hið sama og um afnám skipunar þ.e. stéttin verður lakar sett en áður var.

Lengdur uppsagnarfrestur:

Það ákvæði að færa vald til framlengingar á uppsagnarfresti til forstöðumanna stofnanna er í meira lagi vafasamt þar sem hætta er á því að ákvæðinu verði beitt þó ekki sé um að ræða fjöldauppsagnir eins og þær hafa verið skilgreindar til þessa. Það er ekki óalgengt t.d. í fámennum skólum að meirihluti kennara segi upp á sama tíma þó þar sé ekki um að ræða skipulagðar uppsagnir. Verði þetta ákvæði að lögum aukast líkur á því að starfsfólki verði haldið nauðugu í vinnu.

Yfirborganir:

Óeðlilegt er að slíta yfirborganir úr samhengi við kjör að öðru leyti. Eðlilegt er að um yfirborganir gildi ákvæði ráðningarsamnings, þannig að sé þeim sagt upp sé um leið verið að segja upp ráðningarsamningi í heild sinni. Umfjöllun um uppsögn sérkjara í frumvarpinu er um margt óljós og þarfnast nánari skýringa.

Ýmsar fleiri greinar mætti telja upp svo sem úr kaflanum um embættismenn. Frumvarpið virðist fela í sér þá meginstefnu að auka vald yfirmanna á kostnað almennra starfsmanna og draga með því úr öllu sem kallast getur atvinnulýðræði. Þetta er í andstöðu við stefnu Kennarasambands Íslands.

Kennarasambandið væntir þess að fulltrúar þess eigi kost á að hitta nefndina á fundi til að fylgja þessari umsögn úr hlaði og áskilur sér, við það tækifæri, rétt til að koma fram með frekari athugasemdir.

Virðingarfyllt

F.h. Kennarasambands Íslands


Eiríkur Jónsson formaður.